

Fundur fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn í Hótel Skúlagarði 11. september 2018 kl. 15:00. Fundurinn er aukafundur sem boðað er til að ræða samstarf aðildarsveitarfélaganna innan HNP bs. og einnig á vettvangi Eyþings.

Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar (14 af 15);

- frá Þingeyjarsveit; Arnór Benónýsson (AB), Margrét Bjarnadóttir (MB) og Jóna Björg Hlöðversdóttir (JBH)
- frá Skútustaðahreppi; Helgi Héðinsson (HH) og Elísabet Sigurðardóttir (ES)
- frá Norðurþingi; Helena Eydís Ingólfssdóttir (HEI), Örlygur Hnefill Örlygsson (ÖHÖ), Óli Halldórsson (ÓH), Benóný Valur Jakobsson (BVJ), Hjálmar Bogi Hafliðason (HBH) og Guðbjartur Ellert Jónsson (GEJ)
- frá Tjörneshreppi; Katý Bjarnadóttir (KB)
- frá Svalbarðshreppi; Ina Leverköhne (IL)
- frá Langanesbyggð; Þorsteinn Ægir Egilsson (ÞÆE) (vantar annan fulltrúa)

Fundinn sat einnig Kristján Þór Magnússon (KPM) sveitarstjóri Norðurþings og Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Þingeyinga bs. sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fundarsetning og kynning dagskrár

Formaður, Arnór Benónýsson, setti fund og kynnti þá dagskrá sem fyrir fundinum liggur, sem er að ræða samstarf aðildarsveitarfélaganna innan HNP bs. og á vettvangi Eyþings í aðdraganda aðalfundar samtakanna sem boðað hefur verið til í Mývatnssveit 21. og 22. september nk. Gaf hann síðan orðið laust og óskaði eftir því að fundarmenn tjáðu sig um efnið.

2. Umræður og sjónarmið

KPM – taldi vilja til samstarfs jákvæðan og jákvætt að málið sé rætt. Ýmislegt er þó eftir að formgera, s.s. fyrirkomulag félagsþjónustunnar í héraði.

IL – opin fyrir samstarfi en síður fyrir sameiningu og nefndi þar stærð svæðisins og mismunandi byggðastig, dreifbýli/þéttbýli.

HBH – ekki væri gott að neita samtalinu, aðstæður að breytast, s.s. með Vaðlaheiðargöngum. Húsavík ekki endilega eini kjarninn, t.d. fyrir Mývetninga. Bíða hefði átt með formbreytingu AP þar til fyrri lægi hvernig Eyþing yrði til framtíðar. Ef við viljum ekki vera með er spurning hvort við förum út úr Eyþingi.

GEJ – vont ef Eyþing verður með mismunandi stöðu innan svæðisins, samgöngur eru að breyta svæðinu, sameina Þingeyinga í einhverri tillögu um hvernig að málum verði staðið, formgerð, strúktúr og starfsstöðvar. Verkefnatilflutningur – sterkari staða svæðisins sem ein heild, t.d. gagnvart ríkinu.

BVJ – talsmaður sameiningar og samvinnu, megum ekki lenda útundan, ekki nema 5 þús. manna samfélag. Verst að láta keyra málið ofan á sig.

JBH – samtal þarf að vera á landshlutagrunnvelli.

HH- vont að lenda utan gátta, talsmaður samstarfs, heimurinn að minnka, flóknara regluverk, samfélögin að yngjast.

ES – ný á þessum vettvangi og vill bíða með að tjá ákveðna skoðun.

KB – vill frekar finna samstarfsfleti en að sameina en er jákvæð gagnvart samtalinu.

MB – hlynnt auknu samstarfi og að styrkja Eyþing, það sé leið til að styrkja allt svæðið, spurning um starfsstöðvar, Vaðlaheiðargöng breyta stöðunni. Eigum að fara jákvæð inn í umræðurnar.

HEI – margt sem hægt er að nota úr skýrslu RHA um Eyþing og atvinnuþróunarfélögin, spurningin um samstarf vs. sameiningu og hvort sameining leysi eitthvað sem gott samstarf gerir ekki, skoða þarf reynslu af öðrum svæðum, bæði jákvæða og neikvæða, skoða hvaða áhrif verða á ríkisframlög inná svæðið, leysa þarf málið og ekki segja nei fyrirfram.

ÖHÖ – sveitarfélögin fari samstíga inn í umræðuna, atvinnuþróunarsvæðin stór fyrir og spurning um samrekstur en sjálfstæðir lögaðilar.

ÓH – vill þingeyst samstarf á þeim grunni og þeim verkefnum sem hentar, viðfangsefnin þurfa að ráða, t.d. eldvarnir og slökkvilið, menningarsvæði/pólitísk svæði er líka ástæða svæðaskiptingar, einangrunarhyggja er líka vandamál, miklir hagsmunir okkar að efla Akureyri og taka hana í aðra deild en önnur sveitarfélög á svæðinu. Það að setja málið á dagskrá er ákveðin „frontun“ gagnvart Þingeyingum.

ÞÆE – eru langt frá Akureyri/miðjunni, er ánægður með AP, vill að samstarf sé skoðað, passa okkar atvinnuþróunarfélag, skoða þarf módel af öðrum svæðum.

AB – sagði frá fundi formanns og varaformanna Eyþings með stjórn AFE þar sem rætt var um samstarf aðila en að félögin yrðu áfram sjálfstæðar einingar. Fyrir aukaáðalfundi liggja drög að tillögu um að skipaður verði starfshópur sem talaði þá við bæði félögin.

GEJ – tekur undir að heildin, þ.e. Eyþing og bæði atvinnuþróunarfélögin þurfi að vera undir í umræðunni. SSS dæmi um ólík verkefni sem rekin eru undir einum hatti.

KBM – atvinnuþróunarstarfið er local starf og nýtist oft þeim veikari betur.

HBH – þurfum að spyrja okkur að því hvort við viljum vera í Eyþingi, á Austurlandi er haldið í local málin þrátt fyrir eina stóra einingu, eigum við að horfa á barnaverndarnefnd Eyþings, eigum að hugsa meira inn í Eyþing.

ÓH – sammála því að skoða barnaverndarmálin á Eyþingsvettvangi, NE og NV – Akureyri, eru þetta þrjú svæði eða e.t.v. eitt, það eru nokkrar hliðar á Austurbrú, hvað með lagsskipt samstarf þar sem sumt væri í HNP en annað e.t.v. hjá Eyþingi.

AB – form tillögunnar sem lögð verður fyrir aukaáðalfund Eyþings skipir máli, verið er að tala um framtíðarfyrirkomulag þeirra verkefna sem eru á borði atvinnuþróunarfélaganna og Eyþings í dag sem og önnur sameiginleg verkefni sveitarfélaganna. Horfa þarf m.a. til þess hvernig þetta er gert í öðrum landshlutum. Tímarammi í umræðu er að fyrir liggi útfærð tillaga haustið 2019 og að nýtt fyrirkomulag taki gildi í ársbyrjun 2020.

HBH- Eyþing þarf að virka eins á öllu svæðinu.

HH – kortleggja þarf þau samstarfsverkefni sem eru á HNP svæðinu – verkefni framkvæmdastjórnar.

HEI – ýmis önnur samstarfsverkefni, s.s. símenntun - háskólastarfsemi – rannsóknir.

MB – svæðið er veikt á þessum vettvangi, þ.e. landshlutavettvangnum.

GEJ – eigum að taka þetta skref.

KPM – skulum taka eitt skref í einu enda er kerfið flókið.

HBH, KPM, GEJ, AB – horft á að skipa fimm manna starfshóp með tveimur frá hvoru svæði og að Þóroddur Bjarnason muni leiða starfið. Stjórnarkjör Eyþings snýst um traust á milli aðila. Tengja þarf einstök sveitarfélög við stjórn, spurning um fjölda og virkja fulltrúaráðið betur.

3. Önnur mál

- Rætt um mögulegt frekara samstarf á sviði brunavarna, skipulagsmála og barnaverndarmála.
- KPM sagði frá framgangi mála varðandi nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík og viðræðum við HSN um samstarf um vettvangsliða.
- ÞÆE taldi æskilegt að skoða frekara samstarf í skólaþjónustu og slökkviliðsmálum.
- Rætt um þá stöðu sem er í almenningssamgöngum en engar áætlunarferðir eru á svæðinu austan Húsavíkur.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30